

**24.10.2018**

## **Aðalfundur Foreldrafélags Norðurbergs**

10 foreldrar mættir á fundinn.

Anna Borg, leikskólastjóri, setur fundinn og bíður fólk velkomið. Hún hefur orð á því hvað foreldrafélagið sé mikilvægt fyrir starfsemi leikskólans. Framlög frá foreldrafélaginu geri mögulegt að hægt sé að bjóða upp á viðburði eins og sveitaferð, leikhús, jólasvein, ljós í Hlyninn í stóra garði auk fræðslu til foreldra.

Þórdís Friðbergisdóttir, formeðaur, tók svo við og fór yfir skýrslu stjórnarinnar svo tók Birgir B. Sævarsson við og fór yfir ársreikninga félagsins. Síðan voru bæði ársskýrslan og ársreikningur samþykkt.

Því næst var rætt um félagsgjöld. Áveðið var að halda gjaldinu óbreyttu. Það er 5000 kr. yfir skólaárið. 2500 kr. á önn.

Aðeins var rætt um sveitaferðina þar sem hún er stór póstur í reikningi foreldrafélagsins. Foreldrafélagið greiðir fyrir rútuna og inngangseyri á Bjarneyjarsand fyrir börnin og starfsmenn leikskólans. Foreldrar sem mæta borga í rútuna og borga fyrir sig inn. Leikskólinn bíður upp á pylsur.

Ný stjórn kosin:

Birkiból: Hörður Ingi Þórbjörnsson

Klettaborg: Ingibjörg Þ. Steinudóttir

Álfasteinn: Birgir Björn Sævarsson og Þórdís Friðbergisdóttir

Lundur; Kristín Dögg Kristinsdóttir og Aðalheiður Gígja Isaksen

Tröllagil: Enginn var á svæðinu frá Tröllagili. Anna Borg ætlar að athuga með að finna fulltrúa í stjórn frá Tröllagili.

Fulltrúar kjörnir í foreldraráð. Anna Borg fór yfir hlutverk foreldraráðs. Þrír fulltrúar þurfa að vera í foreldraráði. Thelma Hafþórsdóttir Byrd (Lundur) heldur áfram og inn koma nýjar Ingibjörg Þ. Steinudóttir (Klettaborg) og Hafrún Pálsdóttir (Birkiból).

Önnur mál

Anna Borg ræddi um læsistefnu Hafnarfjarðarbæjar og hversu mikilvægt er að lesa fyrir börnin til að tryggja góðan málproska og orðaforða. Hún ræddi einnig að snemmtæk íhlutun skipti máli og hjálpi mikið til og minnki lýkur á vanda síðar meir á lífsleiðinni.

Í tengslum við það var rætt um að hafa bækur í jóladagatali fyrir öll börnin í leikskólanum, þannig að allir fari heim með bók fyrir jól. Hún var búin að fá tilboð um bækur og kostnaður gæti verið um 72.000kr Hún ætlaði einnig að skoða að heyra frá forlögum og sjá hvað þau væru að bjóða.

Svo verður lestrarátak í janúar þar sem foreldrar verða með.

Fundi slitið.

Ný stjórn situr aðeins lengur og ræðir um næsta verkefni sem er jólastundin föstudaginn 23.nóvember 16-17:30.

Síðast var mjög góð mæting. Það var of mikið álag á einn að sjá um og lenti mikið á starfsfólkinu á deildum sem átti ekki að gerast. Anna borg ætlar að heyra í foreldrum á deildum og fá fleiri til að hjálpa til í jólastundinni.

Það þarf líka að fara aðeins yfir magnið sem þarf að kaupa af veitingum ef mætingin skyldi aftur verða svona góð.

Anna kokkur pantar mandarínur og negulnagla. Anna Borg kíkir á borða hvort þarf að kaupa fleiri eða klippa meira niður af því sem er til.

Ákveðið að hafa undirbúningsfund kl:16:15 miðvikudaginn 14.nóvember. Á þeim fundi skiptir stjórnin með sér verkum.

Anna Borg fer svo líka í að senda út gíróseðla fyrir félagsgjaldinu í foreldrafélagið.

Aukafundi slitið.

Ritari: Aðalheiður Gígja Isaksen